



AKUREYRARBÆR

**Almennar og sérstakar þagnar- og trúnaðarskyldur  
bæjarfulltrúa, nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa ráða og nefnda  
hjá Akureyrarbæ**

Sem bæjarfulltrúi/nefndarmaður/áheyrnarfulltrúi er ég bundin þagnarskyldu um atriði sem ég fæ vitneskju um í starfi mínu á vegum Akureyrarbæjar og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum á fundum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Í starfi mínu sem bæjarfulltrúi/nefndarmaður/áheyrnarfulltrúi ber ég einnig sérstakar þagnar- og trúnaðarskyldur á nefndar- og ráðsfundum. Að afloknum lokuðum fundum nefnda/ráða er mér óheimilt að tjá mig um einstakar umræður sem fram fóru á fundi nefndar/ráðs, ef frá er talin afstaða til afgreiðslu einstakra mála. Mér er einnig óheimilt að tjá mig um einstakar upplýsingar og gögn sem lögð voru fram á fundinum, sem teljast til sérstakra trúnaðargagna eða vinnugagna skv. 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Ég heiti því að sinna starfi mínu af alúð og samviskusemi og gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins í hvívetna sem og öðrum almannahagsmunum skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gæta þess að haga störfum mínum í samræmi við settar siðareglur kjörinna fulltrúa í Akureyrarkaupstað.

Ég lýsi því jafnframt yfir að ég hef kynnt mér og virði reglur og samþykktir bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, þ.m.t. siðareglur.

Akureyri, \_\_\_\_\_

Nafn \_\_\_\_\_

Starfsheiti \_\_\_\_\_

Ritari/starfsmaður nefndar/ráðs \_\_\_\_\_

Vottar

\_\_\_\_\_